

góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr. **64**

8. sept.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

hafnargerð á Sauðárkróki.

65

8. sept.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarð-

- 65 8. sept. arsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkróks. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðurinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Sauðárkróks.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó framneina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af

sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskaupúni eða í nágrenni þess. 65 8. sept.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarkirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestargjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 - f. Allt að $\frac{1}{2}$ hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að $\frac{1}{4}$ hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrabátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a., b. og c.

65

8. sept.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoli á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina,

góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

65
8. sept.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

hafnargerð á Dalvík.

66
8. sept.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr rikissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, $\frac{2}{5}$ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi $\frac{2}{5}$ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi $\frac{1}{5}$ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd rikissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis.